



SKELJUNGUR

ÁRSHLUTAUPPGJÖR – ÞRIÐJI ÁRSFJÓRÐUNGUR 2021

**HAGNAÐUR EFTIR SKATTA 574 MILLJÓNIR KRÓNA
Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 2021**

**EBITDA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 1.308 MILLJÓNIR
KRÓNA OG VEX UM 26% MILLI ÁRA**

**HAGNAÐUR EFTIR SKATTA Á FYRSTU 9 MÁNUÐUM
ÁRSINS VEX UM 39% OG ER 1.036 MILLJÓNIR KRÓNA**

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS 2021 (3F 2021)

- Framlegð nam 2.933 m.kr. og hækkaði um 10,3% frá þriðja ársfjórðungi 2020 (3F 2020).
- EBITDA hagnaður nam 1.308 m.kr. sem er 26% hækkun frá 3F 2020.
- EBITDA framlegð var 44,6% miðað við 39% á 3F 2020.
- Hagnaður eftir skatta nam 574 m.kr. samanborið við 470 m.kr. á 3F 2020.
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 13,8% samanborið við 10,2% á 3F 2020.
- Hagnaður á hlut var 0,30 í samanburði við 0,24 á 3F 2020.
- Handbært fé frá rekstri nam 2.128 m.kr. samanborið við 666 m.kr. á 3F 2020.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 10.554 m.kr. og eiginfjárlutfall var 34,9%.

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR FYRSTU 9 MÁNAÐA 2021 (9M 2021)

- Framlegð nam 7.764 m.kr. og hækkaði um 6,7% frá fyrstu 9 mánuðum 2020 (9M 2020).
- EBITDA nam 2.992 m.kr. án einskiptiskostnaðar, sem er 31% hækkun frá 9M 2020.
- EBITDA hagnaður eftir einskiptiskostnað nam 2.892 m.kr. sem er 26,6% hækkun frá 9M 2020.
- EBITDA framlegð var 37,2% miðað við 31,4% á 9M 2020.
- Hagnaður eftir skatta nam 1.036 m.kr. samanborið við 744 m.kr. á 9M 2020.

- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 13,8% samanborið við 10,2% á 9M 2020.
- Hagnaður á hlut var 0,54 í samanburði við 0,38 á 9M 2020.
- Handbært fé frá rekstri nam 1.255 m.kr. samanborið við 1.861 m.kr. á 9M 2020.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 10.554 m.kr. og eiginfjárlutfall var 34,9%.

HORFUR FYRIR ÁRIÐ 2021

Við birtingu ársreiknings 2020 gaf Skeljungur út afkomuspá og áætlaði að EBITDA ársins 2021 yrði á bilinu 3.000-3.400 m.kr. og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum yrði á bilinu 750-850 m.kr. Þann 28. september sl. uppfærði félagið EBITDA spá ársins í 3.500-3.700 m.kr.

Í afkomuspá félagsins, það sem eftir er ársins, er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umrekning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 20,2 á síðasta ársfjórðungi ársins.

TÖLULEGUR SAMANBURÐUR

Í milljónum króna	2021 3F	2020 3F	Δ
Framlegð	2.933	2.659	10,3%
EBITDA	1.308	1.038	26,0%
EBIT	946	707	33,8%
Hagnaður tímabils	574	470	22,1%
Heildarhagnaður tímabils	632	572	10,5%

2021 9M	2020 9M	Δ
7.764	7.274	6,7%
2.892	2.285	26,6%
1.858	1.310	41,8%
1.036	744	39,2%
990	1.117	-11,4%

HLUTFÖLL	2021 3F	2020 3F
EBITDA hlutfall	44,6%	39,0%
EBIT hlutfall	32,3%	26,6%
Launakostn. / framlegð	-30,0%	-35,5%
Annar kostn. / framlegð	-22,0%	-22,9%
Rekstrarkostnaður / framlegð	-58,2%	-64,0%
Arðsemi eiginfjár (ársgrundvelli)		

2021 9M	2020 9M
37,2%	31,4%
23,9%	18,0%
-35,5%	-40,9%
-23,6%	-24,4%
-65,6%	-71,5%
13,8%	10,2%



ÁRNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI SKELJUNGS:

„Afkoma þriðja ársfjórðungs hjá samstæðunni var mjög góð sem skýrist m.a. af því bættum aðstæðum í efnahagslífinu og fjölgun ferðamanna. Þá tekst okkur að lækka rekstrarkostnað um rúmlega 6% milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins.

Rekstur Löðurs og Dælunnar varð hluti af samstæðu Skeljungs frá og með 1. ágúst en áhrifin á afkomuna á þriðja ársfjórðungi eru óveruleg. Lyfsalinn, sem er 58% í eigu Skeljungs, keypti Lyfjaver sem m.a. rekur bílaapótekið í Hæðasmára. Rekstur Lyfsalans kemur inn í samstæðuna á fjórða ársfjórðungi samhliða viðbótarfjárfestingu okkar í Lyfsalanum. Stoðum undir reksturinn á Íslandi er því að fjölga.


Hluthafafundur Skeljungs samþykkti í byrjun þessa mánaðar uppskiptingu á rekstri félagsins sem mun þýða að stofnuð verða þrjú dótturfélög um kjarnareksturinn á Íslandi. Sú vinna er í fullum gangi og áætlað að félögin hefja starfsemi á þessu ári.

Einnig eru önnur verkefni í gangi sem hefur verið tilkynnt um s.s. skoðun á sölu hluta úr fasteignasafni félagsins.

Þá standa yfir einkaviðræður við Sp/f Orkufelagid um kaup á dótturfélaginu Magn í Færeyjum og er ráðgert að ljúka þeim viðskiptum í nóvembermánuði.


Áfram er unnið að þeim áherslum sem við höfum áður kynnt s.s. að hagræða í rekstri, einfalda skipulag, skerpa á tekjueiningum og að nýta tækifæri til sóknar.“

HELSTU NIÐURSTÖÐUR 3F 2021 OG 9M 2021 (M.KR.)



*Án IFRS 16 áhrifa





- ✓ Mikill afkomubati milli ára, einkum á Íslandi.
- ✓ Olíoverð hefur hækkað á árinu með neikvæðum áhrifum á veltufjárbindingu og sjóðstreymi vegna fjárbindingar
- ✓ Handbært fé frá rekstri sterkt á 3F.
- ✓ Löður ehf. og Dælan ehf. hluti af samstæðureikningi í ágúst og september. Óveruleg áhrif þeirra félaga á afkomu 3F.
- ✓ Lyfsalinn ehf., 58% eignarhlutur, verður hluti af samstæðureikningi á 4F.



REKSTRARREIKNINGUR 3F 2021 (M.KR.)

milljónir ISK	2021 3F	2020 3F	Δ	Δ%
Framlegð	2.933	2.659	273	10,3%
Aðrar tekjur	83	81	1	
Laun og launatengd gjöld	-878	-944	65	
Sölu- og dreifingarkostnaður	-644	-609	-35	
Annar kostnaður	-185	-149	-36	
EBITDA	1.308	1.038	270	26,0%
EBIT	946	707	239	33,8%
Vextir nettó	-173	-104	-69	
Áhrif hlutdeildarfélaga	-50	-19	-31	
Skattar	-149	-113	-35	
Hagnaður	574	470	104	22,1%
Heildar hagnaður	632	572	60	10,5%
<i>EBITDA hlutfall</i>	<i>44,6%</i>	<i>39,0%</i>		
<i>EBIT hlutfall</i>	<i>32,3%</i>	<i>26,6%</i>		
<i>OPEX/framlegð</i>	<i>-55,4%</i>	<i>-61,0%</i>		

- ✓ Framlegð hækkar um 10,3% milli ára
- ✓ Án gengismunar og nýrra félaga hækkar framlegð um 167m (6,3%)
- ✓ Rekstrarkostnaður lækkar um 84m (4,9%) á milli ára þegar tekið hefur verið tillit gengismunar og nýrra félaga
- ✓ EBITDA hækkar um 270m milli ársfjórðunga
- ✓ Hagnaður nam 574m og hækkar um 104m




REKSTRARREIKNINGUR 9M 2021 (M.KR.)

<i>milljónir ISK</i>	2021 9M	2020 9M	Δ	Δ%
Framlegð	7.764	7.274	490	6,7%
Aðrar tekjur	222	211	11	
Laun og launatengd gjöld	-2.754	-2.973	219	
Sölu- og dreifingarkostnaður	-1.831	-1.771	-60	
Annar kostnaður	-509	-455	-54	
EBITDA	2.892	2.285	607	26,6%
EBIT	1.858	1.310	548	41,8%
Vextir nettó	-397	-288	-109	
Áhrif hlutdeildarfélaga	-151	-89	-62	
Skattar	-274	-190	-85	
Hagnaður	1.036	744	292	39,2%
Heildar hagnaður	990	1.117	-127	-11,3%
<i>EBITDA hlutfall</i>	37,2%	31,4%		
<i>EBIT hlutfall</i>	23,9%	18,0%		
<i>OPEX/framlegð</i>	-62,8%	-68,6%		
<i>Arðsem i eiginfjár</i>	13,8%	10,2%		

- ✓ Framlegð hækkar um 6,7% milli ára
- ✓ Án gengismunar og nýrra félaga hækkar framlegð um 366m (5%)
- ✓ Rekstrarkostnaður lækkar um 228m (4,4%) á milli ára þegar tekið hefur verið tillit gengismunar og nýrra félaga og um 6,3% eftir einskiptiskostnað á 1F.
- ✓ EBITDA hækkar um 607m milli ára
- ✓ Af hlutdeildaáhrifum eru 155m vegna Wedo ehf.
- ✓ Hagnaður nam 1.036m og hækkar um 292m milli ára.



LANDFRÆÐILEG SKIPTING (M.KR.)



EFNAHAGSREIKNINGUR 30. SEPTEMBER 2021 (M.KR.)

M.kr.	30.9.2021	31.12.2020	Δ	30.9.2020	Δ
Öefnislegar eignir	5.141	4.629	513	4.761	380
Rekstrarfjármunir	11.579	11.264	316	11.249	331
Leigueignir	1.573	1.682	-109	1.706	-133
Hlutdeildarf, langtímakr. og tsk.inneign	798	551	247	512	286
Fastafjármunir	19.091	18.125	966	18.228	863
Birgðir	3.377	2.705	672	3.135	242
Kröfur	6.645	3.373	3.272	4.655	1.990
Veltufjárlutabréf	0	223	-223	126	-126
Handbært Fé	1.103	1.078	25	1.339	-236
Veltufjármunir	11.125	7.378	3.746	9.254	1.871
Eignir samtals	30.216	25.503	4.712	27.483	2.733
Eigið fé	10.554	9.921	633	10.185	369
Tekjuskattsskuldbinding	532	392	139	296	236
Leiguskuldbindingar	1.740	1.820	-80	1.838	-99
Vaxtaberandi skuldir	9.599	8.606	993	8.280	1.319
Viðskiptaskuldir	3.332	2.448	884	3.029	303
Aðrar skammtímaskuldir	4.060	2.105	1.956	3.594	466
Annað	399	212	187	260	138
Skuldir samtals	19.661	15.582	4.079	17.298	2.364
Eigið Fé og Skuldir samtals	30.216	25.503	4.712	27.483	2.733



M.kr.	30.9.2021	31.12.2020	Δ	30.9.2020	Δ
Hreint veltufé	2.630	1.525	1.105	1.167	1.463
Nettó Vaxtaberandi skuldir	8.496	7.305	1.191	6.941	1.555
Eiginfjárhlfutfall	34,9%	38,9%		37,1%	
Veltufjárhlfutfall	0,94	0,94		0,97	

- ✓ Vaxtaberandi skuldir nettó (NIBD), að meðtöldum veltuhlutabréfum, hækka um 1.191m frá áramótum en lækka um 446 m á 3F
- ✓ Stækkun efnahagsreiknings frá 2F skýrist að stærstu leyti af innkomu Port I (Löður/Dælan)
- ✓ Hækkun á olíuverði jók fjárbindingu í birgðum og kröfum
- ✓ Eiginfjárhlfutfall 34,9%
- ✓ Arður 350m greiddur í byrjun apríl
- ✓ Handbært fé + óádregnar lánalínur 4,26 ma við lok 3F 2021.

SJÓÐSTREYMI

M.kr.	9M 2021	9M 2020	Δ
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.703	2.305	-602
Greiddir skattar og vextir	-448	-445	-3
<u>Handbært fé frá rekstri</u>	<u>1.255</u>	<u>1.861</u>	<u>-606</u>
Fjárfestinga-hreyfingar	-1.895	-963	-932
Fjármögnumar-hreyfingar	701	-145	846
<u>Breyting á handbæru fé</u>	<u>62</u>	<u>753</u>	<u>-692</u>
Handbært fé í byrjun árs	1.078	506	572
Gengismunur	-37	79	-116
<u>Handbært fé í lok tímabilis</u>	<u>1.103</u>	<u>1.339</u>	<u>-236</u>

- ✓ Hreint veltufé tók talsverðum breytingum vegna breytinga á olíuverði og jók fjárbindingu í birgðum, kröfum og viðskiptaskuldum um samtals 1.166 m nettó.
- ✓ Handbært fé frá rekstri á 3F nam 2,1 milljarði króna.
- ✓ Kaupverð Port I 1.015 m sem fjárfestingahreyfing.



KYNNINGARFUNDUR EKKI HALDINN

Samanber fyrri tilkynningu hefur Skeljungur ákveðið að fækka kynningarfundum og verður því ekki haldinn fundur vegna þessa uppgjörs.

ÁRSHLUTAREIKNINGUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 28. október 2021.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess. Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Nánari upplýsingar veita Árni Pétur Jónsson, forstjóri og Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, farfestar@skeljungur.is.



Skeljungur hf. · Borgartún 26 · 105 Reykjavík

www.skeljungur.is [skeljungur-hf/](https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/)

